

Ársskýrsla Skákfélagsins Goðans 2025.

Óhætt er að segja að árið 2025 hafi verið ár stórra áfanga hjá félaginu. Félagið fékk loksins sérstaka aðstöðu fyrir starfsemina á Húsavík, sem við þurfum ekki að deila með öðrum, þegar gengið var frá samstarfssamningi við Norðurþing í júlí. Félagið stóð svo fyrir stóru alþjóðlegu skákmóti í Skjólbrekku á árinu sem er það lang stærsta sem félagið hefur haldið



Í samningnum við Norðurþing, sem gildir til eins árs, felst að félagið sinnir skákkennslu í skólum Norðurþings en fær í staðinn ókeypis aðstöðu fyrir sína starfsemi og fjárframlag frá Norðurþingi að auki. Aðstaðan sem félagið fékk er í kjallaranum í norðurhluta Túns á Húsavík sem hentar félaginu alveg sérstaklega vel og er miðsvæðis á Húsavík.

Félagið keypti í kjölfarið 8 notuð borð og fékk gefins notaða stóla og hefur aðstaðan nýttst okkur vel. Nú fara allir viðburðir félagsins fram í Túni og nú getum við í fyrsta skipti frá stofnun félagsins skipulegt viðburði langt fram í tímann.

Skákkennsla í skólum Norðurþings hófst í september og sáu Smári Sigurðsson og Benedikt Þorri Sigurjónsson um kennsluna í Borgarhólsskóla en Hermann Aðalsteinsson og Hilmar Freyr Birgisson um kennsluna í Öxarfjarðarskóla (Lundi) og Grunnskóla Raufarhafnar. Framhald verður á henni á árinu 2026. Við reiknum með að óska eftir því að framlengja samninginn við Norðurþing á vormánuðum 2026.

Hinn stóri áfanginn var að félagið varð 20 ára á árinu 2025 og því var fagnað með sérstöku afmælistóti Goðans sem fram fór dagana 13-16 mars í Skjólbrekku og varð afmælistótið hið glæsilegasta í alla staði. 36 keppendur mættu til leiks og þar af 3 stórmeistarar. Mótið varð lang stærsta og sterkasta mót sem Goðinn hefur haldið frá stofnun og líklega sterkasta skákmót sem haldið hefur verið utan þéttbýlis á Íslandi í mjög mörg ár.



Hópmynd af flest öllum keppendum á afmælistóti Goðans 2025

Félagið náði að afla styrkja til að halda mótið og varð töluverður afgangur af þeim styktar peningum. Í raun það mikill afgangur að ákveðið var og blása til annars skákmót sem fram fer dagana 19-22 nóvember 2026 og er undirbúningur í fullum gangi fyrir það mót. Það mót mun heita Sel Hótel Mývatn Open og verður Sel Hótel Mývatn aðal styrktaraðili þess. Mótið mun fara fram í Skjólbrekku og við búumst við töluvert fleiri keppendum á það mót en afmælistótið, jafnvel fleiri en 50, þar sem skákmenn voru mjög ánægðir með afmælistótið og hróður þess hefur spurst út innan skák heimsins hér innanlands sem og erlendis.

Enski stórmeistarinn Simon Williams kom á afmælistótið í boði Goðans og varð afskaplega hrifinn af mótinu sem og norðurlandi og Mývatnssveit og ætlar að koma á mótið í nóvember 2026. Hann stefnir á að hafa fleiri skákmenn frá Englandi með sér. Skráning í mótið opnar 1. mars 2026.

Að öðru leyti var starfsemi félagsins með svipuðum hætti og undanfarin ár. Skákæfingar fór fram flest mánudagskvöld í Framsýnarsalnum, sem færðust svo yfir í Tún frá og með haustinu 2025

Skákþing Goðans 2025 var haldið 24-26. janúar og stóð **Jakob Sævar Sigurðsson** uppi sem skákmeistari Goðans 2025. Þetta var í fjórða skiptið sem Jakob varð skákmeistari Goðans.

Aðalfundur Goðans var haldinn 29 janúar 2025. Sitjandi stjórn Goðans var endurkjörin til eins árs, en hana skipa

Hermann Aðalsteinsson formaður.
Rúnar Ísleifsson gjaldkeri.
Sigurbjörn Ásmundsson ritari.

Íslandsmót skákfélaga 2024-25 seinni hluti, fór fram í mars og var A-sveit félagsins hársbreidd frá því að vinna sig upp í 2. deild. B og C sveit félagsins verða áfram í 4. deild.

8 skákmenn frá félaginu tóku þátt í **Reykjavík Open** sem fram fór í mars/apríl í Hörpu. Aldrei áður hafa svo margir skákmenn frá Goðanum verið með í þessu stærsta móti ársins.

Héraðsmót HSP og Páskaskákmótið féllu niður þetta árið hjá félaginu, vegna þess að mikil áhersla var á afmælistótt Goðans og skákmenn félagsins tefldu mjög mikið í mars og apríl.

Ævar Ákason var eini keppandi frá Goðanum á Íslandsmótinu í skák sem fram fór á Blönduósi í júní í tilefni af 100 ára afmæli Skáksambands Íslands. Aðalfundur skáksambands Íslands var einnig haldinn á Blönduósi og þar var **Hermann Aðalsteinsson** endurkjörinn í varastjórn SÍ.



Aðstaða Goðans í Túni á Húsavík.

Rúnar Ísleifsson vann sigur á sumarskákmóti Goðans, en það var jafnframt fyrsti skákviðburðurinn sem fram fór í Túni.

Smári Sigurðsson vann sigur á Atskákmóti Goðans sem fram fór í september.

Jakob Sævar Sigurðsson vann sigur á Haustmóti Goðans sem fram fór í október.

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga 2025-26 fór fram í nóvember. Við sendum bara tvö lið til keppni í mótið, A og B-lið, þar sem að það náðist ekki að manna í C-lið. Þrátt fyrir að það vantaði nokkra sterka skákmenn í liðið er staða A-liðsins sæmileg fyrir síðari hlutann í mars 2026. B-liðið í ár er ekki eins sterkt og í fyrra, en gengið var samt sæmilegt í fyrri hlutanum.

Kristján Ingi Smáráson vann sigur á Hraðskákmótinu sem fram fór um miðjan desember. Þetta var í fyrsta skiptið sem Kristján Ingi vann eitt af stærri árlegu mótunum hjá Goðanum.

Jakob Sævar Sigurðsson vann sigur á Jólamóti Goðans sem fram fór 28 desember.

Við reiknum með því að árið 2026 verði gott skák ár fyrir félagið og standa vonir okkar til þess að stærsti viðburður ársins, Sel Hótel Mývatn Open í nóvember, verði hið glæsilegasta í alla staði og félaginu til sóma. Við munu amk. gera allt til þess sem við getum til að það gangi eftir..

Hermann Aðalsteinsson formaður skákfélagsins Goðans.